



FUNDARGERÐ

252. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ, föstudaginn 1. mars 2019 kl. 13:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Skúli Björnsson, varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi Jón Steinar Garðarsson Mýrdal

Dagskrá:

1. Ísland ljóstengt 2019.
2. Önnur mál.

Gunnar Jónsson, formaður stýrði fundi.

1. Ísland ljóstengt 2019.

Stjórn HEF samþykkir að gerast samstarfsaðili Fljótsdalshéraðs um lagningu ljósleiðara í dreifbýli á grundvelli umsóknar sveitarfélagsins til Fjarskiptasjóðs og þeirrar kostnaðarskiptingar sem þar kemur fram.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að funda með bæjarráði Fljótsdalshéraðs og greina frá þessari niðurstöðu stjórnar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. Önnur mál.

Björg Björnsdóttir ítrekar bókun frá 249. fundi HEF þar sem hún óskar eftir að fá gögn sem sýna fram á að skólp fari um yfirfall og framhjá núverandi hreinsistöðvum út í Eyvindará 65% tímans.

Einnig óskar hún eftir að lögð verði fram uppfærð rekstraráætlun fyrir nýja útfærslu á hreinsun frárennslis þar sem tekið er tillit til Fellabæjarskólpsins og mun meiri hreinsunar en fyrri rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir.

Næsti fundur verður aðalfundur fimmtudag 21. mars á Hótel Héraði.
Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 14:23.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.